

REGLUR

um breytingar á reglum nr. 389/2009 um háskólafund Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Staflíður a í 2.1. gr. orðast svo:

Rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu, gæða- og mannauðsstjóri og forstöðumenn sviða háskólaskrifstofu, en til vara staðgenglar þeirra.

2. gr.

Í staflíð b í 2.1. gr. falla brott orðin „hvert um sig fimm“ og í staðinn kemur: hvort um sig átta. Í staflíð b í 2.1. gr. fellur einnig á brott orðið „tvo“ og í staðinn kemur: fimm.

3. gr.

Í staflíð c í 2.1. gr. fellur brott orðið „sex“ og í staðinn kemur: sjö.

4. gr.

Í staflíð a í 2.2. gr. falla brott orðin „Deildarfundir fræðasviða skólans“ og í staðinn kemur: Fræðasviðsfundir.

5. gr.

Í 3.3. gr. bætast við í lok málsliðar orðin: eftir því sem við á hverju sinni.

6. gr.

Í staflíð a í 3.3. gr. falla brott orðin „af hálfu rektors um sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans“ og í staðinn kemur: rektors um stefnu háskólans og árangur hans í starfi.

7. gr.

4.3. gr. reglnanna orðast svo:

Reglur þessar eru settar af háskólaráði á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla með hliðsjón af og með stoð í reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022 og öðlast þegar gildi.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 29. september 2022.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfudagur: 18. október 2022